

Ársreikningur ársins 2018

Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2018 var staðfestur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 27. febrúar 2019. Verður ársreikningurinn lagður fyrir aðalfund VÍS þann 20. mars til staðfestingar.

Helstu niðurstöður ársins 2018

- Hagnaður eftir skatta nam 2.061 m.kr samanborið við 1.326 m.kr árið 2017
- Samsett hlutfall var 98,7% samanborið við 95,3% árið 2017
- Tekjur af fjárfestingastarfsemi námu 2.827 m.kr en voru 1.350 m.kr. árið áður
- Hagnaður á hlut er 1,03 kr. en var 0,6 kr. í fyrra

Helstu niðurstöður fjórða ársfjórðungs

- Hagnaður tímabilsins var 599 m.kr samanborið við 496 m.kr á sama tímabili í fyrra
- Samsett hlutfall var 103,7% en var 96,1% á sama tímabili 2017
- Tekjur af fjárfestingastarfsemi voru 985 m.kr en þær voru 456 m.kr á sama tímabili í fyrra

Helgi Bjarnason forstjóri

„Starfsfólk VÍS getur verið stolt af afkomu ársins 2018 enda er árið eitt besta rekstrarár í sögu félagsins þegar litið er til arðsemi og hagnaðar. Þrátt fyrir að árið hafi litast af stórum tjónum í innlendri og erlendri starfsemi félagsins var samsett hlutfall 98,7%. Þetta er annað árið í röð sem samsett hlutfall félagsins er undir 99% sem er í takti við þau markmið sem við höfum sett okkur.

Við höfum unnið að því að samræma þjónustuna heilt yfir landið, kynnt nýjungar eins og rafrænar tjonstilkynningar og gerðum viðskiptavinum kleift að koma í viðskipti á netinu. Starfsmenn hafa unnið hörðum höndum að því að einfalda þjónustu við viðskiptavinum og fækka flækjum. Við munum halda því áfram á árinu 2019 og koma með fleiri nýjungar til að auðvelda viðskiptavinum að sækja þjónustu okkar.

Fjárfestingastarfsemin gekk vel í erfiðu árferði. Breytingar sem farið var í á eignasafni félagsins á árinu skiluðu mjög góðum árangri. Þrátt fyrir sveiflur á markaði og slakt ár á hlutabréfamörkuðum var ávöxtun fjáreigna 8,3% sem var umfram spá okkar fyrir árið.

Hluthafar félagsins tóku jafnframt þátt í að gera það enn betur í stakk búið til að takast á við áskoranir næstu ára. Þeir samþykktu meðal annars á árinu nýja fjármagnsskipan sem hefur það að markmiði að draga úr áhættu fjárfestingasafns sem setur um leið meiri áherslu á váttryggingareksturinn.

Ég trúir því að þrátt fyrir að nú sem endranær séu fjölmargar áskoranir í umhverfinu, sé VÍS vel undir það búið að takast á við þau verkefni sem framundan eru.“

Tillaga stjórnar um arðgreiðslu

Stjórn félagsins leggur til arðgreiðslu til hluthafa sem nemur um 2.044 m.kr. eða 1,07 kr. á hlut.

Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn í húsakynnum VÍS í Ármúla 3, þann 28. febrúar kl. 8:30. Þar mun Helgi Bjarnason forstjóri kynna afkomu félagsins og svara spurningum.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast á íslensku og á ensku á heimasíðu VÍS, <https://www.vis.is/vis/fjarfestar/fjarfestaupplýsingar/>

Hægt verður að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu og nálgast upptöku að honum loknum á <https://www.vis.is/vis/fjarfestar/fjarfestafundur/>

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur 2019, 20. mars 2019

1. ársfjórðungur 2019, 2. maí 2019

2. ársfjórðungur 2019, 21. ágúst 2019

3. ársfjórðungur 2019, 23. október 2019

Ársuppgjör 2019, 27. febrúar 2020

Aðalfundur 2020, 19. mars 2020

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Guðný Helga Herbertsdóttir í síma 660 5191 og í netfangið fjarfestatengsl@vis.is.

Til athugunar fyrir fjárfesta

VÍS vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar.

Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni.

Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á þeim tímapunkti þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

	m.kr.	4F 2018	Δ %	4F 2017	12M 2018	Δ %	12M 2017
Rekstur	Iðgjöld tímabilsins	5.955	14,1%	5.217	22.709	10,6%	20.528
	Eigin iðgjöld	5.727	13,5%	5.044	21.914	10,5%	19.840
	Fjármunatekjur	985	115,9%	456	2.827	109,4%	1.350
	Heildartekjur	6.759	22,1%	5.535	24.859	16,6%	21.328
	Tjón tímabilsins	-4.875	36,1%	-3.581	-17.415	24,4%	-13.996
	Eigin tjón	-4.668	25,5%	-3.721	-16.818	15,6%	-14.555
	Rekstrarkostnaður	-1.409	9,8%	-1.283	-5.456	10,3%	-4.948
	Heildargjöld	-6.075	24,4%	-4.884	-22.484	14,8%	-19.589
	Hagnaður	599	20,6%	496	2.061	55,4%	1.326
Hlutföll	Tjónahlutfall	81,9%	19,3%	68,6%	76,7%	12,5%	68,2%
	Eigið tjónahlutfall	81,5%	10,5%	73,8%	76,7%	4,6%	73,4%
	Kostnaðarhlutfall	21,5%	0,1%	21,5%	21,2%	0,4%	21,1%
	Endurtr. kostnaðarhlutfall	0,3%	-94,4%	6,0%	0,8%	-86,3%	6,0%
	Samsett hlutfall	103,7%	7,9%	96,1%	98,7%	3,5%	95,3%
	Gjaldþolshlutfall				1,40		1,42
	Eiginfjárlutfall				31,6%		36,1%
Arðsemi eigin fjár				13,2%		9,7%	
	m.kr.				31.12.2018		31.12.2017
Efnahagur	Eignir						
	Fjárfestingar				33.021		31.824
	Handbært fé				1.263		1.094
	Viðskiptakröfur				6.932		6.179
	Hlutdeildarfélag				0		2.642
	Aðar eignir				5.935		4.665
	Eignir samtals				47.150		46.405
	Skuldir						
	Eigið fé				14.910		16.766
	Víkjandi skuldabréf				2.714		2.624
Vátryggingaskuld				26.246		24.406	
Aðar skuldir				3.279		2.608	
Skuldir samtals				47.150		46.405	
Hagnaður á hlut				1,03		0,60	



Afkomuspá Vátryggingafélags Íslands fyrir árið 2019

Spáin gerir ráð fyrir að hagnaður ársins 2019 fyrir skatta verði 2,458 milljónir króna og samsett hlutfall ársins verði 96,8%

- ➔ Fjárfestingastefna VÍS miðar að því að samsetning eigna hámarki ávöxtun miðað við þann áhættuvilja sem settur hefur verið. VÍS hefur skilgreint áhættuvilja félagsins út frá gjaldþolshlutfalli sem er á bilinu 1,35 – 1,70
- ➔ Félagið tilkynnir, að öðru óbreyttu, sérstaklega ef frávik frá væntum 12 mánaða hagnaði fyrir skatta er umfram 10%
- ➔ Spáin verður uppfærð ársfjórðungslega, birt í afkomutilkynningum og kynnt í fjárfestakynningum félagsins

|| Afkomuspá ||

	1F 2019	2F 2019	3F 2019	4F 2019	Spá 2019
Tjóna- og endurtr.hlutfall	81,0%	75,2%	72,7%	77,2%	76,5%
Kostnaðarhlutfall	21,4%	20,9%	19,3%	19,6%	20,3%
Samsett hlutfall	102,4%	96,2%	92,1%	96,8%	96,8%
Hagnaður fyrir skatta	325	608	936	589	2.458
Ávöxtun fjáreigna	2,2%	1,8%	2,0%	1,8%	7,8%

Fyrirvarar

- Afkomuspár félagsins eru háðar fjölda áhættu - og óvissuþátta sem geta þýtt að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í spá þessari.
- Félagið upplýsir mánaðarlega til markaðar um samsett hlutfall og ávöxtun fjáreigna í mánuðinum á undan.